



Lúxemborg, 30. maí 2007.

Fréttatilkynning 03/2007

Dómur í máli E-3/06 *Ladbrokes*

Dómur EFTA-dómstólsins varðandi norska löggjöf um happdrætti, veðmál og fjárhættuspil

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm (ráðgefandi álit) í máli, sem varðar norska löggjöf um happdrætti, veðmál og fjárhættuspil.

Forsaga málsins er sú, að stærsta happdrættis- og veðmálafyrirtæki í heimi, Ladbrokes, sem er með höfuðstöðvar í Bretlandi, sótti til norskra yfirvalda um leyfi til að stunda starfsemi sína í Noregi. Fyrirtækinu var synjað um starfsleyfi á þeirri forsendu, að það fullnægði ekki starfsleyfisskilyrðum norskra laga. Í framhaldinu höfðaði Ladbrokes mál gegn norska ríkinu fyrir Héraðsdómi Oslóar, m.a. til ógildingar á synjuninni. Í því máli reynir á, hvort norsk löggjöf um happdrætti og veðmál samræmist EES-samningnum.

Málshöfðunin varðar í fyrsta í lagi löggjöf um fjárhættuspil (pengespill), sem veitir ríkisfyrirtækinu Norsk Tipping einkarétt til reksturs íþróttagetrauna og talnaleikja á borð við Lottó. Í öðru lagi löggjöf um veðreiðar (veddemál ved totalisator), en á grundvelli þeirrar löggjafar hefur Norsk Rikstoto, sem er stofnun undir stjórn norska ríkisins, einkarétt til að reka veðmálstarfsemi í tengslum við kappreiðar. Í þriðja lagi varðar málssóknin almennu happdrættislöggjöfina í Noregi (lotterier), en samkvæmt þeirri löggjöf skulu minni háttar happdrættisleikir eins og bingó og skafmiðahappdrætti einungis boðin fram af góðgerðarsamtökum og félögum sem ekki eru rekin í hagnaðarskygni. Í tengslum við umræddan málarekstur milli Ladbrokes og norska ríkisins beindi Héraðsdómur Oslóar nokkrum spurningum til EFTA-dómstólsins, sem varða skýringu EES-réttar.

EFTA-dómstóllinn gat þess í upphafi úrlausnar sinnar, að allar tegundir happdrætta, veðmála og fjárhættuspila, sem boðin eru fram gegn endurgjaldi, teljist atvinnustarfsemi í skilningi EES- samningsins og falli undir gildissvið hans, þ.m.t. fjórfrelsisreglurnar. Taldi dómstóllinn að einkaréttur til atvinnustarfsemi, eins og sá sem um ræðir í norsku löggjöfinni, útiloki aðila í atvinnurekstri frá því að geta stundað starfsemi á viðkomandi markaði og hindri þar með staðfesturétt þeirra og frelsi til að veita þjónustu. Sama eigi við um þau ákvæði almennu happdrættislöggjafarinnar sem komi í veg fyrir það, að veita megi aðilum í atvinnurekstri leyfi til happdrættisstarfsemi.

EFTA-dómstóllinn benti á að markaðshindranir geti samkvæmt EES-rétti verið réttlætanager, ef þær þjóni lögmætum markmiðum í almannabágu, og geti barátta gegn spilafíkn og afbrotum í tengslum við spilamennsku talist lögmæt markmið í því sambandi. Þá kröfu verði þó að gera, að löggjöf, sem hafi baráttu gegn spilafíkn að markmiði, endurspegli raunverulegan vilja til að fækka tækifærum til spilamennsku. Ella

verði löggjöfin ekki talin þjóna lögmætu markmiði. Hins vegar taldi dómstóllinn að fjármögnun góðgerðarstarfsemi eða annarrar starfsemi í almannafágu geti ein og sér ekki réttlætt markaðshindranir. Það markmið að koma í veg fyrir að einkaaðilar hagnist á rekstri happdrætta, veðmála og fjárhættuspila, geti verið lögmætt, ef því til grundvallar liggi það sjónarmið, að spilamennska sem slík sé andstæð siðrænum viðhorfum. Þjóði ríkisfyrirtæki, sem nýtur einkaréttar á þessu sviði, hins vegar fram úrval þjónustu, sé í raun ekki verið að vinna í samræmi við slík siðferðileg markmið. Það sé á valdsviði Héraðsdóms Oslóar að meta, hvort sú löggjöf, sem á reynir, byggji á lögmætum markmiðum.

Ef Héraðsdómur Oslóar kemst að þeirri niðurstöðu að lögmæt sjónarmið búi að baki umræddri löggjöf, ber héraðsdómi samkvæmt því, sem fram kemur í úrlausn EFTA-dómstólsins, næst að meta, hvort norska löggjöfin fullnægi skilyrðum meðalhófsreglu EES-réttar. Í því sambandi tók EFTA-dómstóllinn fram, að þótt EES-ríkin hafi frelsi til að velja sér það stig verndar, sem þau sjálf óska, þá verði að vera samkvæmni á milli yfirlýstra löggjafarmarkmiða og þess, hvernig löggjöfin er framkvæmd. Um ósamkvæmni sé að ræða, ef ríkið grípi til, það auðveldi eða umberi háttsemi, sem vinni gegn löggjafarmarkmiðunum. Markaðssetning og þróun nýrra leikja á þessu sviði, séu atriði, sem huga þurfi að í því sambandi.

EFTA-dómstóllinn kvað það vera hlutverk Héraðsdóms Oslóar að meta, hvort í löggjöf þeirri, sem á reynir í málinu, sé gengið lengra en þörf krefur til að ná settum markmiðum. Í því sambandi skipti aftur máli það stig verndar, sem Noregur hefur valið sér. Einkaréttarfyrríkomulagið geti ekki talist nauðsynlegt í þessum skilningi, ef aðrar og minna íþyngjandi ráðstafanir geti með jafn áhrifaríkum hætti náð sömu markmiðum og sömu vernd. Í mati sínu verði Héraðsdómur Oslóar að kanna, hvort og þá að hvaða marki raunveruleg hætta tengist þeim ólíku tegundum happdrætta, veðmála og fjárhættuspila, sem löggjöfin snertir. Einnig þurfi að meta, hvort einkaleyfishafinn sé síður líklegur til að brjóta settar reglur eða hvort hann hafi minni hvata til ágenginnar markaðssetningar heldur en rekstraraðilar, sem starfa í opnu leyfisveitingarkerfi.

Ef þær markaðshindranir, sem um ræðir í málinu, verða taldar réttlætanlegar af hálfu Héraðsdóms Oslóar, er norska ríkinu heimilt að álitu EFTA-dómstólsins að banna framboð og markaðssetningu á happdrættum, veðmálum og fjárhættuspilum frá öðrum ríkjum, og skipti í því sambandi ekki máli, þótt um lögmæta starfsemi sé að ræða í upprunaríkinu. Telji Héraðsdómur Oslóar, að umræddar markaðshindranir séu ekki lögmætar, geti norska ríkið eigi að síður krafist þess, að erlendir rekstraraðilar sæki um innlent rekstrarleyfi á sömu forsendum og innlendir aðilar. Þó myndi slík krafa ekki samræmast meðalhófsreglunni, ef ljóst væri, að viðkomandi fyrirtæki hefði þegar verið veitt rekstrarleyfi í heimalandi sínu, og að skilyrði þeirrar leyfisveitingar væru sambærileg þeim skilyrðum, sem gilda í Noregi.

Dóminn í heild sinn er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.lu

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.